



Reglugerð um úthlutun á fjármunum sem koma frá til Íþróttabandalags Akraness sem hlutdeild hagnaðar af rekstri Íslenskrar Getspá / Lottó.

Styrkur þessi er eftirleiðis kallaður grunnstyrkur og tekur því mið af skilgreindum grunnkostnaði og á að koma fram í ársreikningum félaga og /eða skýringum þeirra.

Forsendur þess að nokkurt félag fái styrk frá Íþróttabandalagi Akraness (ÍA) er að félag sé fullgildur aðili að ÍA, haldi félagatal í þeim kerfum sem viðurkennd eru og bandalagið býður uppá, hafi farið eftir lögum bandalagsins hvað varðar, aðalfundi, skil á ársskýrslum með skoðuðum og staðfestum ársreikningum, fullgildum iðkendaskýrslum/iðkendatali og löglegri kosningu stjórnar. Félag þarf að hafa stundað íþróttastarfssemi innan vébanda ÍA í a.m.k. 3 ár.

Fullgildur aðili telst það félag sem uppfyllir skilyrði II.kafla 4. gr. laga Íþróttabandalagsins um aðildarfélög.:

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund fyrir tilsettan tíma, hefur stjórn ÍA, heimild til að láta yfirfara bókhald, skoða reikninga, boða til aðalfundar og annast framkvæmd hans.

Skilyrði aðildarfélags er að vera með virkt barna- og unglिंगastarf.

Með virku barna og unglिंगastarfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótum eða viðburðum í viðkomandi grein.
- að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir öll kyn
- að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
- að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum
- að til sé skrá yfir iðkendafjölda í því skráningarkerfi sem Íþróttabandalagið býður uppá og er notað hverju sinni.

Undanþágur:

Ef lög- og/eða reglugerðir hamla barna- og unglिंगastarf er veitt undanþága

Ef barna- og unglिंगastarf hafi verið reynt en ekki eftirspurn eftir slíku þá sé möguleiki á undanþágu, stjórn ÍA metur slíkt og þarf að samþykkja.

Siðareglur

Ef æft eða keppt er fyrir hönd ÍA þá þarf að fara eftir siðareglum Íþróttabandalagsins eða þær siðareglur sem ÍA fylgir, bæði á æfingum og eins í keppni.



Útgreiðsla fjármuna:

Grunnstyrkur er greiddur út tvisvar á ári í maí og desember.

Styrkur er greiddur út í stærðarhlutfalli miðað við grunnkostnað ár hvert allra fullgildra félaga innan ÍA.

Heildar upphæð árlegs styrks er óþekkt tala vegna eðli uppruna fjármuna. Af heildar upphæð hefur stjórn ÍA heimild til þess að halda eftir að lágmarki fimm milljónum til fjármögnunar á íþróttatengdum verkefnum í þágu íþróttahéildarinnar á Akranesi.

Íþróttatengdverkefni eru skilgreindn svo dæmi séu tekin :

- Greiðsla fyrir sálfræðiþjónustu
- Þátttaka í endur- og símenntun þjálfara
- Fræðsla til foreldra og iðkenda
- Nýsköpunar verkefni – startíð

Útgreiðsla samkvæmt þessari reglugerð hefst árið 2024

Lagt fyrir og samþykkt á ársþingi Íþróttabandalagsins 18. apríl 2024